

Reglugjörð

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupþúni.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæði kaupþúnsins skal greiða vatnsskatt árlega. Skal skatturinn lagður á eftir virðingarverði húsanna til húsaskatts. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra vjela, sem í húsinu eru.

2. gr.

Húsum kaupþúnsins skal skift í flokka eftir virðingarverði þeirra og vatnsskattur goldinn af þeim eins og hjer segir:

1. flokkur:	Hús, sem eru virt alt að 2000 kr.	6 ⁰ / ₁₀₀
2. —	Hús, sem eru virt frá 2000 kr. til 3000 kr.	5 ¹ / ₂ ⁰ / ₁₀₀
3. —	Hús, sem eru virt frá 3000 kr. til 4000 kr.	5 ⁰ / ₁₀₀
4. —	Hús, sem eru virt frá 4000 kr. til 6000 kr.	4 ¹ / ₂ ⁰ / ₁₀₀
5. —	Hús, sem eru virt frá 6000 kr. til 8000 kr.	4 ⁰ / ₁₀₀
6. —	Hús, sem eru virt frá 8000 kr. til 10,000 kr.	3 ¹ / ₂ ⁰ / ₁₀₀
7. —	Hús, sem eru virt yfir 10,000 kr.:	
	Af fyrstu 10,000 kr. virðingarverðsins	3 ⁰ / ₁₀₀
	Af næstu 10,000 kr. virðingarverðsins	2 ¹ / ₂ ⁰ / ₁₀₀
	Af því, sem þar er fram yfir	2 ⁰ / ₁₀₀

3. gr.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald, og skal það venjulega ákveðið með samningi; sömuleiðis vatnsskattur fyrir hreyfivjelar, verksmiðjur, baðhús, þvottastöðvar, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatnu til annarar slíkrar notkunar. Fyrir hvert vatnssalerni greiðist 3 krónur og fyrir hvern stórgrip 1 króna.

4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á því, að vatnsskattur sje greiddur í tæka tíð.

5. gr.

Árið reiknast frá 1. apríl til 31. mars, og skal vatnsskatturinn greiddur í einu lagi fyrir 15. sept. ár hvert.

6. gr.

86
15. júlí

Fyrir vatn til skipa skal greiða 1 kr. 50 auru fyrir hvert tonn eða hluta úr tonni, og greiðist gjaldið strax við vatnstökuna. Innlend skip, sem taka vatn að staðaldri úr vatnsleiðslunni, geta fengið ívilnun í verðinu með samkomulagi við hreppsnefndina.

7. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá leiðslum kaupsinsins inn í hús, nema sá eða þeir, sem hreppsnefndin felur þann starfa á hendur.

8. gr.

Hreppsnefndinni skal heimilt að loka vatnsæðum kaupsinsins fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni til muna að óþörfu.

9. gr.

Vatnsskatt þann, er ekki er greiddur í tæka tíð, má taka lögtaki, eins og önnur gjöld til sveitarsjóðs.

10. gr.

Hreppsnefndin hefir einkarjett til neysluvatnssölu í kaupsinum og til skipa á höfninni.

11. gr.

Hver, sem skemmir vatnsæðar kaupsinsins, vatnspróna, brunahana, eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsleiðslunni til, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta sektum alt að 200 krónum, nema þyngri hegning liggja við samkvæmt hegningarlögunum. Sömu sektum sætir sá, sem brýtur gegn einkarjetti hreppsnefndarinnar til neysluvatnssölu.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps hefir samið, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 26, 22. október 1912.

Í stjórnarráði Íslands, 15. júlí 1913.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.